



Öryggisblöð (MSDS)

Samkvæmt reglugerð nr. 1027/2005 og tilskipunum 91/155/EEC og 67/548/EEC.

1. Söluheiti efnis eða vörutegundar. Nafn, heimilisfang og sími íslensks framleiðanda, innflytjanda eða seljanda.

Söluheiti vöru: **CASTROL TLX PLUS 203**

Notkun: Smurolía fyrir díselvélar.

Dreifingaraðili: OLÍUVERZLUN ÍSLANDS hf., Sundagörðum 2, 104 Reykjavík, sími 515 1000

Gerð öryggisblaða: EFNAVERND ehf., Breiðagerði 10, 108 Reykjavík, sími 588 8130

Útgáfudagsetning: 31.03.2008

Neyðarlínan; sjúkrabifreið, slökkvilið og lögregla: sími 112

Eiturefnamiðstöð Landspítala - háskólasjúkrahúss, Reykjavík: sími 543 2222

2. Samsetning / upplýsingar um innihald.

CAS-nr.:	EB-nr.:	Efnaheiti:	Styrkur %:	Hættuflokkun:
-	-	Hreinsuð grunnolía (IP 346 DMSO útdráttur < 3%)	-	-
-	-	Bætiefni	-	-
83846-43-9	281-018-8	Kalsíum langkeðju alkýlsalisýlat	1 - 5	Xi, N H51/53

Varnaðarmerking - sjá lið 15.

Texti hættusetninga - sjá lið 16.

3. Varúðarupplýsingar.

Varan er ekki flokkuð sem hættuleg heilsu eða umhverfi skv. gildandi reglum.

Notuð vélaolía getur innihaldið krabbameinsvaldandi efni, sem myndast við bruna í vélinni.

Endurtekin eða langvarandi snerting við notaða olíu eykur hættu á húðkrabbameinum. Forðist snertingu við alla notaða olíu og gætið hreinlætis við meðhöndlun.

4. Skyndihjálp.

Við innöndun: Tryggið hreint loft. Leitið lækni ef öndunarerfiðleikar koma fram.

Snerting við húð: Farið strax úr fötum sem mengast af efninu og þvoðið húðina vandlega með miklu vatni og sápu. Leitið lækni ef erting er viðvarandi.

Snerting við augu: Skolið strax vandlega með nægu vatni í a.m.k. 15 mínútur með augað vel opið. Leitið lækni ef erting er viðvarandi.

Við inntöku: Framkallið EKKI uppköst nema að ráði lækni. Reynið aldrei að gefa meðvitundarlausum einstaklingi vökva eða fæðu. Leitið strax lækni ef tekið hefur verið inn umtalsvert magn.

Upplýsingar f. lækna: Meðhöndlið skv. einkennum.

5. Viðbrögð við eldsvoða.

Efni/aðferðir: Heppileg slökkviefni eru froða, duft eða kolsýra. Notið ekki vatnssprautu. Notið

fullan hlífðarbúnað og ferskloftstæki við slökkvistörf.
Sérstök hættu: Við bruna myndast CO og CO₂.

6. Efnaleki.

Haldið óviðkomandi frá hættusvæðinu. Fjarlægjið allt sem valdið getur íkveikju. Notið viðeigandi persónuhlífar við hreinsunarstörf, t.d. hlífðargleraugu, stígvél, hlífðarhanska, galla. Forðist alla snertingu við efnið. Hindrið að efnið berist út í umhverfið eða í jarðveg þar sem það getur borist í vatn.

Notið sand, jarðveg eða önnur óvirk ísogsefni til að hefta og hreinsa upp efnið og látið í viðeigandi og merkt ílát til förgunar. Ef um meiri háttar leka er að ræða getur þurft að hefta efnið með skurðum eða gördum. Hafið strax samband við slökkvilið ef um verulegan leka er að ræða.

7. Meðhöndlun og geymsla.

Meðhöndlun: Forðist snertingu við augu og húð. Þvoið hendur, andlit og aðra líkamshluta, sem komast í snertingu við efnið, vandlega eftir notkun efnisins. Forðist mikinn hita í lengri tíma.

Geymsla: Geymist í vel lokaðum umbúðum á köldum og vel loftræstum stað. Tómar umbúðir geta innihaldið hættulegar, eldfimar eða sprengifimar gufur.

8. Eftirlit með mengun / persónulegur hlífðarbúnaður.

Tæknilegar aðgerðir: Tryggið að loftræsting sé nægileg til að halda loftmengun neðan mengunarmarka. Greiður aðgangur þarf að vera að vatni og augnskolunartækjum.

Fyrir notkun efna þarf að fara fram hættumat og mat á því hvernig hægt er að hindra að notendur verði fyrir skaða af notkun þeirra (t.d. með loftræstingu, mismunandi vinnuáferðum eða með því að nota önnur efni). Notkun persónuhlífa þarf að taka mið af hættumati.

Mengunarmörk: Olíupoka, olíuúði: (MG) 1 mg/m³

Persónuhlífar;

Öndunargrímur: Ekki nauðsynlegar við venjulegar aðstæður. Notið öndunargrímu með síu P ef loftræsting er ekki fullnægjandi eða hættu er á að efnagufur í andrúmslofti fari yfir mengunarmörk. Notið samsetta síu AP ef búast má við lífrænum gufum eða gasi, t.d. við mikinn hita. Notið ferskloftstæki ef hættu er á súrefnisskort.

Fyrir augu: Hlífðargleraugu með hliðarhlífum.

Fyrir hendur: Mælt er með notkun hlífðarhanska úr nítrílgúmmí.

Fyrir húð: Mælt er með hlífðarfátnaði við endurtekna eða langvarandi notkun.

Hreinlæti við vinnu: Þvoið hendur, andlit og aðra líkamshluta, sem komast í snertingu við efnið, vandlega eftir notkun efnisins og fyrir hlé. Þvoið mengaðan hlífðarfátnað, hanska og skó vandlega fyrir notkun.

9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar.

Ástand / útlit / lykt: Vökvi / gulbrúnn / olíulykt
Sýrustig (pH): -
Bræðslumark: -
Rennslismark: – 6°C
Suðumark: -
Blossamark: 220°C (Closed cup, Pensky-Martens)

<i>Sprengimörk; neðri - efri:</i>	-
<i>Seigja:</i>	97 mm ² /s (97 cSt) við 40°C 11-12 mm ² /s (11-12 cSt) við 100°C
<i>Eðlisþyngd:</i>	0,897 g/sm ³ (897 kg/m ³) við 15°C
<i>Leysni:</i>	Leysist ekki í vatni
<i>Deilistuðull, n-oktanól/vatn:</i>	> 3

10. Stöðugleiki og hvarfgirni.

<i>Stöðugleiki:</i>	Efnið er stöðugt. Hættuleg fjölliðun á sér ekki stað við venjulegar aðstæður.
<i>Aðstæður sem skal forðast:</i>	Hiti, opinn eldur og annað sem valdið getur íkveikju.
<i>Efni sem skal varast:</i>	Oxunarmiðlar, sýrur, basar.
<i>Hættuleg niðurbrotsefni:</i>	COx.

11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar.

<i>Við innöndun:</i>	Innöndun við venjulegt hitastig er ólíkleg vegna lítillar uppgufunar. Gufa eða úði frá heitu efni getur verið skaðleg.
<i>Snerting við húð:</i>	Endurtekin eða langvarandi snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð.
<i>Snerting við augu:</i>	Getur valdið roða eða sviða.
<i>Við inntöku:</i>	Umtalsvert magn getu valdið ógleði og niðurgangi.
<i>Bráð eiturrhif:</i>	-
<i>Langtímaáhrif:</i>	Inniheldur enga skráða krabbameinsvalda (AGCIH, IARC, EC) í magni yfir 0,1%. Notuð vélaolía getur innihaldið krabbameinsvaldandi efni, sem myndast við bruna í vélinni. Endurtekin eða langvarandi snerting við notaða olíu eykur hættu á húðkrabbameinum. Forðist snertingu við alla notaða olíu og gætið hreinlætis við meðhöndlun.

12. Hættur gagnvart umhverfinu.

<i>Hegðun í umhverfinu:</i>	Brotnar greiðlega niður og er ekki talið safnast upp í lífríkinu. Myndar filmu á yfirborði vatns, sem getur hamlað súrefnisflutningi.
<i>Líffræðileg áhrif:</i>	Ekki talið líklegt til að skaða vatnalífverur.
<i>Aðrar vistfræðilegar uppl.:</i>	Efnið getur borist í gegnum jarðveg og spillt grunnvatni.

13. Förgun.

<i>Förgun vörunnar:</i>	Endurvinnið ef hægt er. Notað efni og skemmt, afgangar og menguð ísogsefni skilist á móttökustöð fyrir spilliefni.
<i>Förgun umbúða:</i>	Menguðum umbúðum skal farga á sama hátt og vörunni sjálfri. Hreinum umbúðum má farga eða endurvinna á sama hátt og almennu sorpi, ef annað kemur ekki fram í reglum.
<i>Lög um förgun og meðhöndlun úrgangs:</i>	Lög nr. 55/2003, lög nr. 33/2004.

14. Flutningur.

Efnið fellur ekki undir reglur um flutninga á hættulegum farmi.

<i>Flutningur á landi:</i>	ADR/RID flokkur:	UN-nr.:	Númer og bókstafur:
	Nafn efnis:		
	Varúðarmerki:	Hættunr.:	Pökkunarflokkur:

<i>Flutningur á sjó:</i>	IMDG flokkur: Ems: Nafn efnis: Varúðarmerki:	UN-nr.: MFAG:	Pökkunarflokkur: Sjávarmengandi:
<i>Flutningur í lofti:</i>	ICAO/IATA flokkur: Nafn efnis: Varúðarmerki:	UN-nr.:	Pökkunarflokkur:

Vinnueftirlit ríkisins gefur upplýsingar um reglur um flutninga á hættulegum efnum.

15. Upplýsingar um lög, reglugerðir eða reglur sem varða notkun efnisins eða vörutegundarinnar.

Varnaðarmerkingar: Varan er ekki merkingarskyld skv. gildandi reglum.

Varnaðarmerki: -

Inniheldur: - EB-nr.:

H - setningar: -

V - setningar: -

(V2) GEYMIST ÞAR SEM BÖRN NÁ EKKI TIL.

Íslensk sérlög, reglugerðir eða reglur sem um vöruna gilda:

Reglugerð nr. 553/2004 um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum efna á vinnustöðum.

16. Aðrar upplýsingar.

Gert þann:: 31.03.2008

Dagsetning frumrits: 21.09.2005

Breytt þann: - Breyttir liðir: -

Gert fyrir: OLÍUVERZLUN ÍSLANDS hf., Sundagörðum 2, 104 Reykjavík, sími 515 1000

Unnið af: EFNAVERND ehf., Breiðagerði 10, 108 Reykjavík, sími 588 8130 / FF

Texti hættusetninga sem fram koma í lið 2:

H51/53 Eitrað vatnalífverum, getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni.

Annað: Ofangreindar upplýsingar eru byggðar á fyrirliggjandi vitneskju um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi þegar öryggisblöðin eru gerð en fela ekki í sér ábyrgð á efniseiginleikum. Notkun vörunnar er á ábyrgð notenda.

Þessi öryggisblöð eru unnin eftir MSDS frá CASTROL (UK) Ltd., Swindon, Wiltshire SN3 1RE, England.